



Hafnarfirði 10. apríl 2014

Minnisblað vegna beiðni Badmintonfélags Hafnarfjarðar um yfirtöku á Íþróttahúsinu við Strandgötu.

1. Badmintonfélag Hafnarfjarðar nýtir í dag samkvæmt yfirliti íþróttafulltrúa um afnot aðildarféлага af íþróttamannvirkjum, 69 % af úthlutuðum tímum á árinu 2013 í Íþróttahúsinu við Strandgötu.
2. Þrátt fyrir að mikil skortur sé á tímum í íþróttahúsum bæjarins, þá er Íþróttahúsið við Strandgötu eina íþróttahúsið sem er í notkun til kl.23:00 virka daga og er ástæða þess mikil aðsókn badmintoniðkenda. Þrátt fyrir það, er langt frá því að félagið annað þeirri eftirspurn sem er eftir tímum hjá félaginu.
3. Ekki hefur verið mögulegt að nýta Íþróttahúsið við Strandgötu fyrir afreksíþróttafólk fyrir opnunartíma hússins eins og gert er t.d. á Ásvöllum og í Kaplakrika þar sem afreksíþróttakrakkar hafa æft snemma á morgnanna án eftirlits (án starfsfólks).
4. Rekstrarsamningar eru við Knattspyrnufélagið Hauka og Fimleikafélag Hafnarfjarðar um rekstur mannvirkja á Ásvöllum og Kaplakrika. Það fyrirkomulag virðist vera hagstætt fjárhagslega fyrir bæjarfélagið sé mið tekið af innri leigu sem reiknuð er til íþróttafélaganna samkvæmt yfirliti íþróttafulltrúa.
Samkvæmt því eru úthlutaðir tímar til ÍBH í Íþróttahúsinu við Strandgötu 1.870 tímar verðlagðir á 22.8 milljónir, úthlutaðir tímar í Íþróttamiðstöðinni í Kaplakrika 2.280 tímar verðlagðir á 23.0 milljónir og úthlutaðir tímar í Íþróttamiðstöðinni á Ásvöllum 2.280 tímar verðlagðir á 23.8 milljónir.
Verulegur stærðarmunur er á þessum mannvirkjum.
5. Badmintonfélag Hafnarfjarðar er tilbúið að taka yfir rekstur íþróttahússins miðað við núverandi stöðugildi en jafnframt bætist við hálf t. stöðugildi sem yrði nýtt fyrir íþróttafulltrúa félagsins. Útgjöld bæjarins yrðu því óverulegar frá því sem nú er. Á móti gæti félagið boðið betri þjónustu og eflt starfsemi félagsins verulega.
6. Samstaða er um það meðal íþróttafélaga í Hafnarfirði að Íþróttahúsið við Strandgötu verði vettvangur félagsins til framtíðar og hefur sá skilningur verið staðfestur á öllum þingum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar á síðasta áratug. Engin fyrirstaða er hjá BH fyrir því að leikir og mótahald verði með svipuðu sniði gagnvart öðrum íþróttagreinum í húsinu.
7. Fyrirséð er að nokkuð mikið viðhald þarf að ráðast í á komandi árum og á það sérstaklega við um ytra byrði hússins. Breytt rekstrarfyrirkomulag þarf ekki að hafa áhrif á þá vinnu sem áfram verður í höndum Fasteignafélags Hafnarfjarðar.

F. h. Badmintonfélags Hafnarfjarðar
Hörður Þorsteinsson formaður